

Ósk um viðspyrnustyrk frá Árborg: Verulegt tekjutap Skátafélagsins Fossbúa vegna Covid

Skátafélagið Fossbúar óskar eftir aðstoð frá Sveitarfélaginu Árborg í formi viðspyrnustyrks að upphæð 3.000.000 kr.

Félagið hefur orðið fyrir miklu tekjutapi í kjölfar Covid þar sem þátttakendum hefur fækkað til mikilla muna. Á árunum 2015-2019 voru skráðir skátar í félagið um 100 talsins, þeim hefur farið fækkandi ár frá ári og eru nú 41 talsins. Ef ekkert verður að gert má búast við að sú tala lækki enn frekar og gera spár stjórnar (út frá mætingu sl. vikur) ráð fyrir að næsta vetur verði einungis 21 skáti skráður til leiks í Fossbúum. Þetta hefur í för með sér verulegan tekjumissi fyrir félagið og takmarkar þar með möguleikana á að halda uppi öflugu skátastarfi.

Þegar áhrifa Covid fór að gæta fór stjórn Fossbúa að hafa áhyggjur af brottfalli og tók því þá ákvörðun að niðurgreiða útilægur félagsins enn meira en áður. Þetta þýðir kostnaðarauka upp á c.a. 700.000 á ári. Ofan á þetta bætist við kostnaður vegna ferða sem ekki var hægt að fara vegna samkomutakmarkana.

Árgjald Fossbúa er 25.000 krónur og hefur verið óbreytt í a.m.k. 6 ár. Til stóð að hækka þetta gjald til samræmis við gjöld annara skátafélaga en að beiðni Sv.fél. Árborgar var fallið frá þeirri hugmynd.

Hér fyrir neðan er nánari útlistun á tekjumissi vegna félagsgjalda.

Tekjumissir Félagsgjöld		
		Meðaltekjur á ári
Fálkaskátar meðalfjöldi 2015-2019	55	1.375.000
Dróttaskátar meðalfjöldi 2015-2019	45	1.125.000
Fálkaskátar 2020	50	1.250.000
Fálkaskátar 2021	32	800.000
Fálkaskátar 2022	25	625.000
Fálkaskátar 2022 - Spá að hausti ef ekkert er að gert	5	125.000
Dróttaskátar 2020	32	800.000
Dróttaskátar 2021	42	1.050.000
Dróttaskátar 2022	32	800.000
Dróttaskátar 2022 - Spá að hausti ef ekkert er að gert	16	400.000
Áætlað tekjutap 2020		450.000
Áætlað tekjutap 2021		650.000

Áætlað tekjutap 2022		1.075.000
Áætlað tekjutap 2022-2023		1.975.000
Samtals áætlað tekjutap 2020 - 2023		4.150.000
<p>Að beiðni Árborgar voru félagsgjöld ekki hækkuð eins og áætlað var, en þau hafa haldist óbreytt 25.000 kr í að minnsta kosti 6 ár.</p>		

Til að snúa þessari þróun við telur stjórnin mikilvægt að hafa launaðan starfsmann sem heldur utan um dagleg verkefni félagsins. Bæði léttir það álagi af sjálfbærliðum sem allir sinna skátastarfinu í hjáverkum, en einnig skapar starfsmaður stöðugleika og samfellu sem félagið okkar þarfnast.

Tillaga stjórnar er tvíþætt og gengur annars vegar út á að ráða starfsmann í 100% starf fram að áramótum til reynslu. Með styrk upp á 3.000.000 kr sér stjórnin fram á að geta greitt um 75% af launum og launatengdum gjöldum þessa starfsmanns, varasjóður Fossbúa myndi svo greiða það sem út af stendur.

Annar þáttur viðspyrnuáætlunarinnar gengur út á aukið kynningarstarf en fram að Covid var sumardagurinn fyrsti allra áhrifamesti kynningardagur fyrir skátastarfið. Þann dag leiða skátarnir skróðgöngu um bæinn, göngu sem endar inni á lóð skátaheimilisins. Þar hafa verið settar upp stöðvar þar sem fram fer verkleg kynning á skátastarfinu.

Stjórnin hefur fulla trú á að þessar aðgerðir nægi til að félagið nái viðspyrnu og Fossbúar verði á ný meðal fjölmennustu skátafélaga landsins.

Með ósk um góðar undirtektir,
Stjórn Fossbúa